

Fundargerð fagráðs í nautgriparækt.

Fundur haldinn í Búgarði á Akureyri mánudaginn 16. apríl 2012, kl. 10:00.

Mættir eru:

Aðalfulltrúar með atkvæðisrétt: Guðný Helga Björnsdóttir, Sigurður Loftsson, Sigurgeir Hreinsson og Þórarinn Leifsson.

Stuðningsfulltrúar með málfrelsi og tillögurétt: Björn S. Gunnarsson, Gunnar Guðmundsson, Þorsteinn Ólafsson, Grétar Hrafn Harðarson og Baldur Helgi Benjamínsson.

Forföll boðuðu: Magnús B. Jónsson, Gunnfríður E. Hreiðarsdóttir og Bragi L. Ólafsson.

Formaður setti fund og gekk til dagskrár.

1. Ályktanir aðalfundar LK.

Formaður Fagráðs bað Sigurð Loftsson formann LK að fara yfir ályktanir aðalfundar LK sem snúa að Fagráði í nautgriparækt. Hann lýsti í upphafi ánægju sinni og stjórnar LK með aðkomu nautgriparæktarráðunautanna Magnúsar og Gunnfríðar að aðalfundinum. Þau voru með mjög góð erindi og miklar og góðar umræður spunnust í kjölfarið um ræktunarmál íslenska kúastofnsins. Jafn óheppilegt er að hvorugt þeirra hefur tók á að vera á þessum Fagráðsfundi, þar sem farið er yfir ályktanir aðalfundarins.

- a. **Ályktun um eflingu á ræktunarstarfi íslenska kúastofnsins.** Ýtarlega var rætt um ályktunina. Rætt um nautaval og hönnun á pörunarforriti. Notendagjöld skapa nýjar og betri forsendur fyrir öflugri þróun skýrsluhaldskerfis nautgriparæktarinnar. Innskotsleiðin og framkvæmd hennar verði rædd á vettvangi Fagráðs. Rætt um skilgreiningu á hreinum stofni, sem er 15/16 eða 87,5% og þar yfir. Stjórn LK falið að fylgja ályktuninni frekar eftir á fundi með BÍ á næstunni.
- b. **Ályktun um erfðaeefni nautakjötsframleiðslunnar.** Þorsteinn Ólafsson hefur nýlega tekið sæti í starfshópi ráðuneytisins sem er að skoða möguleika á innflutningi erfðaefnis í holdanautastofninn í stað Auðar L. Arnþórsdóttur. Hópurinn stefnir að skýrsluskilum í lok maí n.k.
- c. **Ályktun um stöðu rannsókna hjá Landbúnaðarháskóla Íslands.** Fjárhagsstaða skólans er mikið áhyggjuefni, ekki er ljóst hvernig brugðist verður við því. Staðan bitnar á faglegum styrk hans, sem er með öllu óviðunandi frá sjónarhóli greinarinnar. Skólinn er einnig orðinn óhóflega háður utanaðkomandi aðilum til kennslustarfa. Greinilegt er að mikils átaks er þörf til að styðja við bakið á Landbúnaðarháskólanum.
- d. **Ályktun um nautakjötsframleiðsluna.** Ályktunin tekur utan um flesta þætti sem að málinu snúa. Fyrst og fremst hefur verið vöntun á mjög holdmiklum gripum og fitusprengdu kjöti. Endurnýjun á erfðaeefni og kjötmati er lykilatriði, ásamt aukningu á faglegum styrk greinarinnar, vinnuástöðu og aðbúnaði gripanna. Mikilvægt er að auka svigrúm bænda til að sæða lakasta hluta mjólkurkúnna með holdanautasæði. Það er slæm staða eins og nú er yfirleitt þar sem bændur finna sig knúna til að setja á allar kvígur til mjólkurframleiðslu vegna mikilla affalla.
- e. **Ályktun um sæðingamál.** Yfirmarkmið tillögunnar er að sama gjaldskrá gildi fyrir alla. Stjórn BÍ er að leita tilnefninga í starfshóp um málið.
- f. **Ályktun um rannsóknamál.** Fram kom að þær stofnanir sem hafa staðið að Fræðapingi landbúnaðarins vilja halda því áfram en þó með breyttu sniði að einhverju leiti. Jafnvel er stefnt að því að halda slíkt þing í október 2012.
- g. **Ályktun um betri bústjórn.** Málið hefur þróast og þroskast mjög vel, góð afurð sem út úr verkefninu kemur sem nýtist vel til hagsmunagæslu og í ráðgjöf. Tölvudeild BÍ

er að ljúka við frágang kerfisins, það verður fljótlega sett í prófun hjá nokkrum héraðsráðunautum og bændum.

2. **Ályktun Fagráðs í nautgriparækt um áherslu- og forgangsverkefni í rannsóknum, kennslu, ráðgjöf og þróunarstarfi á næstu árum.**

Gunnar, Grétar og Guðný reifuðu málið. Tekur á hagrannsóknnum og bústjórn, vinnu, vinnuvernd og tækni; vinnutímaskráningar, fôðri og fôðrun, ræktunarstarf og heilbrigði, fagstarf í nautgriparækt og menntun kúabænda. Talsverðar umræður um málið og nokkrum ábendingum um viðbætur komið á framfæri. Málið verði unnið frekar og stefnt að afgreiðslu þess á næsta fundi.

3. **Önnur mál:**

Metangasvinnsla og sjálfbærni. Nokkrar umræður um möguleika á metanvinnslu úr mykju.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:00.

Eftir hádegi var Ársfundur Fagráðs í nautgriparækt að Möðruvöllum í Hörgárdal. Þar fór formaður Fagráðs yfir starfsemi þess síðastliðið starfsár og stuðningsfulltrúar Fagráðs þeir, Gunnar Guðmundsson BÍ, Grétar Hrafn Harðarson LbhÍ og Þorsteinn Ólafsson MAST fóru yfir helstu störf sinna stofnana síðastliðið starfsár, sem snúa að nautgriparækt. Þóroddur Sveinsson, lektor LBHÍ flutti erindið: Úttekt á aðbúnaði og vexti nautgripa í kjötframleiðslu. Stefán Vilhjálmsson, fagsviðsstjóri MAST flutti erindið: EUROP mat á nautakjöti. Ingvar Már Gíslason, markaðsstjóri Norðlenska flutti erindið: Staða og horfur á nautakjötsmarkaði. Sigríður Bjarnadóttir, héraðsráðunautur Búgarði flutti erindið: „Kýrskýr skilaboð“ – mat á atferli og velferð nautgripa.

Baldur Helgi Benjamínsson.
fundarritari